

Fundargerð 67. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2023, miðvikudaginn 22. nóvember kl. 08:30 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Knútur Emil Jónasson og Einar Kristján Jónsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason, lögfræðingur hjá GB Stjórnsýsluráðgjöf og Jóhannes Ágúst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Bókun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2202003SO

Lögð var fram bókun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 29. september 2023, um orkumál.

Stjórn SO fagnar bókun sambandsins og leggur áherslu á áframhaldandi gott samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga.

2. Bs ritgerðin hans Þorsteins Stefánssonar - 2202003SO

Lögð fram til kynningar Bs ritgerð Þorsteins Stefánssonar nemanda í Háskóla Íslands um áhrifasvæði orkumannvirkja.

Stjórn SO lýsir yfir ánægju með skýrslu Þorsteins og telur að þær hugmyndir sem þar komu fram munu gagnast vel, enda samræmist þær vel markmiðum Samtaka orkusveitarfélaga. Þorsteinn á þakkir skilið fyrir þessa vinnu.

3. Þýðing frá Guðjóni Bragasyni á norsku frumvarpi um skattlagningu vindorkuvera - 2201001SO

Lagt fram til kynningar minnisblað Guðjóns Bragasonar lögfræðings um norskt frumvarp er varðar skattlagningu vindorkuvera.

Guðjón fór yfir helstu atriði frumvarpsins. Í kjölfarið hófust umræður og fyrirspurnir.

Stjórn SO þakkar Guðjóni fyrir góða yfirferð og telur minnisblaðið mikilvægt innlegg í umræðuna um mögulegar tekjur sveitarfélaga af vindorkuverum. Stjórn samþykkir að senda minnisblaðið á aðildarsveitarfélögin, stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og starfshópin um skattlagningu orkumannvirkja.

4. Orkumál - staða og stefna - 2202003SO

Formaðurinn, Ása Valdís, fór yfir þá vinnu sem hefur verið í gangi frá því að aukaaðalfundur samtakanna var haldinn þann 19. september síðastliðinn. Á aukaaðalfundinum voru lagðar fram tillögur frá starfsnefnd samtakanna er

varðar tekjur sveitarfélaga af orkuframleiðslu. Voru tillögurnar samþykktar með miklum meirihluta. Í tillögunum er að finna aðferð sem hægt væri að styðjast við vegna útreikninga á skiptingu tekna vegna orkuvinnslu.

Í kjölfarið fóru fulltrúar samtakana í þá vinnu að kynna tillögurnar fyrir ýmsum hagaðilum í samstarfi við fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga. Haldnir hafa verið fundir með stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, starfshópi um skattlagningu orkumannvirkja, starfshópi um vindorku og stjórn Samorku. Jafnframt hafa verið fleiri óformlegir fundir þar sem tillögurnar hafa verið ræddar.

Næstu skref eru að fulltrúar samtakanna ásamt fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga eiga fund í lok nóvember með Fjármála- og efnahagsráðherra til að kynna tillögurnar.

Von er á tillögum frá starfshópi um skattlagningu orkumannvirkja í byrjun desember og er stjórn spennt að sjá þá vinnu.

Fundi var slitið kl. 09:30